

Föstudaginn 20. desember 1996.

Nr. 462/1996.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Baldri Þór Guðmundssyni

(Magnús Baldursson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 17. desember 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 18. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 16. desember 1996, þar sem varnaraðila er gert að sæta gæsluvarðhaldi, þar til dómur gengur í máli ákærvaldsins á hendur honum, þó ekki lengur er til 8. janúar 1997 kl. 16.00. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Svo sem rakið er í úrskurðinum, var varnaraðila með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 31. október 1996 gert að sæta gæsluvarðhaldi til 16. desember sl. Það var síðan framlengt með hinum kærða úrskurði. Hinn 10. desember sl. gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur varnaraðila, þar sem honum eru gefin að sök fjögur þjófnaðarbrot, ein tilraun til þjófnaðar og eitt brot gegn 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á tímabilinu 21. ágúst til 31. október sl. Varnaraðili hefur fyrir dómi viðurkennt aðild að þessara brota.

Samkvæmt sakavottorði varnaraðila hlaut hann þrjá dóma árið 1993 vegna brota á 244. gr., 252. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Samanlögð refsivist varnaraðila vegna þessara dóma var 21 mánaðar fangelsi og 20 daga varðhald. Þá gekkst ákærði undir 28.000 króna sektargerð hjá lögreglu 21. maí 1996 vegna brota á lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni. Hinn 8. ágúst 1995 hafði varnaraðila verið veitt reynslulausn í tvö ár á eftirstöðvum refsingar, 187 dögum.

Fallast má á það með héraðsdómi, að fullnægt sé skilyrðum c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds yfir varnaraðila. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Málsvarnarlaun verða ekki dæmd.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 16. desember 1996.

Ár 1996, mánudaginn 16. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sigurjónu Símonardóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að Baldri Þór Guðmundssyni, kt. 101275-4269, Háteigsvegi 9, Reykjavík, verði með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi, þar til dómur gengur í máli hans í héraði, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 8. janúar 1997 kl. 16.00, en ákæra var þingfest á hendur honum fyrr í dag.

Samkvæmt ákæru er ákærða gefið að sök að hafa á tímabilinu frá 21. ágúst sl. til 31. október sl. framið fjögur þjófnaðarbrot auk einnar tilraunar til þjófnaðar, sem talin eru varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 244. gr., sbr. 20. gr. laganna, auk brots gegn 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

Við þingfestingu ákærunnar fyrr í dag gekkst ákærði við hluta þeirra sakargifta, sem honum eru gefnar að sök, þ. e. tveimur þjófnaðarbrotum og þjófnaðartilrauninni.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 31. október sl., var ákærða gert að sæta gæsluvarðhaldi með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, allt til kl. 16.00 í dag. Hinn 8. ágúst 1995 var ákærða veitt reynslulausn í tvö ár á eftirstöðvum refsingar, 187 dögum. Hefur ákærði, sem er undir rökstuddum grun um að hafa framið brot gegn 244. gr. og 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, þannig rofið skilyrði reynslulausnarrinnar með viðurkenningu á hluta þeirra þjófnaðarbrotu, sem honum eru gefin að sök. Með vísan til framangreinds þykir full ástæða til að ætla, að ákærði muni halda áfram brotum, meðan máli hans er ekki lokið, en aðalmeðferð í máli ákæruvaldsins á hendur ákærða er fyrirhuguð mánudaginn 23. desember nk. Þykir því með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 verða að taka til greina kröfu ríkissaksóknara, eins og hún er fram sett.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákærði, Baldur Þór Guðmundsson, sæti gæsluvarðhaldi, þar til dómur gengur í máli hans, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 8. janúar 1997 kl. 16.00.
